



Fundargerð

91. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 24. janúar 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Kjósarhreppur:

Magnús Ingi Kristmannsson

Marianna Hugrún Helgadóttir boðaði forföll. Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2020 – 2021

Lögð fram tillaga Svæðisskipulagsstjóra dags. 24.01.2020 að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 – 2021.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að leggja verkefna- og fjárhagsáætlun, dags. 24.01.2020, fyrir stjórn SSH.

2. Mat á losun bifreiða árið 2030

Kynning á rannsókn frá Háskólanum í Reykjavík sem varðar losun á útblæstri frá bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu árið 2030.

Eyjólfur Ingi Ásgeirsson og Hlynur Stefánsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Tækifæri MaaS

Kynning á verkefni sem Parallel ráðgjöf hefur sinnt fyrir Strætó og Reykjavíkurborg sem varðar MaaS (*Mobility as a Service*) og hvernig sveitarfélög geta safnað saman upplýsingum um samgönguvalkosti á enn stað fyrir notendur til að nálgast.

Jökull Sólberg og Þórhildur Edda Gunnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Sigurður Guðmundsson vék af fundi klukkan 15:00

4. Aðalskipulag Kópavogs, breyting á aðalskipulagi: Traðarreitur - austur/málsnr. 1905003

Lögð fram vinnslutillaga til kynningar og umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna enda er hún í samræmi við stefnu svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2040 um aukna uppbyggingu á samgöngumiðuðum svæðum.

5. Aðalskipulag Kópavogs, breyting á aðalskipulagi: Traðarreitur – vestur/málsnr. 1912005

Lögð fram skipulagslýsing til kynningar og umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsinguna. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánar í aðalskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd bendir einnig á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásunum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferða sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:22